

skýrslu með upplýsingum um seldan afla á uppboði í síðastliðnum mánuði. Þar skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar um einstök viðskipti:

1. Nafn fiskmarkaðar og kennitala.
2. Seljandi.
3. Nafn skips og skipaskrárnúmer.
4. VSK-númer seljanda.
5. Löndunarhöfn.
6. Löndunardagur.
7. Sölugdagur.
8. Fisktegund.
9. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst, hæft/óhæft).
10. Útgerðaraðili.
11. Veiðarfæri.
12. Veiðisvæði.
13. Kaupandi.
14. Magn tegundar.
15. Kílóverð tegundar.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. IV. kafla laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og skv. VII. kafla laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Þá er Fiskistofu heimilt að svipta aðila starfsleyfi eða vinnsluleyfi fyrir brot á reglugerð þessari eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

10. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. nóvember 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um ásetningshlutfall sauðfjár almanaksárið 2002.

Landbúnaðarráðherra hefur í samræmi við ákvæði 3. gr. reglugerðar nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti með síðari breytingum, ákveðið að til að hljóta undanþágu frá útflutningsskyldu skuli fjöldi vetrarfóðraðra kinda vera að hámarki 0,72 á hvert ærgildi greiðslumarks á því lögbýli, sem undanþegið kann að vera. Undanþága þessi nær til framleiðslu almanaksárið 2002 og skal miða talningu við forðagæslu á fjölda sauðfjár haustið 2001.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 um útflutning á kindakjöti, með síðari breytingum og með heimild í 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. desember 2001.

Guðni Ágústsson.

Guðmundur Sigþórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Vatnsendahvarf.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. desember 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. október 1994.

Breytingin felst í því að lögum svæðis fyrir iðnað og verslun og þjónstu við Vatnsendahvarf breytist. Lega Arnarnesvegar verður að hluta innan lögsögu Kópavogs. Tengibraut skiptist og tengist annars vegar Breiðholtsbraut og hins vegar fyrirhuguðum Arnarnesvegi. Mislæg gatnamót verða á mótum Breiðholtsbrautar og Arnarnesvegar. Göngu- og reiðstígar breytast. Í tengslum við það er gert ráð fyrir undirgögnum, og göngu- og reiðleið undir Breiðholtsbraut og brú, göngu- og reiðleið yfir Dimmu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 5. desember 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.